

Fréttatilkynning

Starfsemin á 2F 2023

Að lokinni loðnuvertíð snéru uppsjávarskip félagsins sér að kolmunnaveiðum og lönduðu 30.000 tonnum af kolmunna á öðrum ársfjórðungi. Kolmunninn var unninn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins á Akranesi og Vopnafirði. Auk afla af eigin skipum Brims tók verksmiðjan á Vopnafirði á móti tæpum 7.500 tonnum af færeyskum skipum þannig að móttekið magn í fiskimjölsverksmiðjum félagsins var sambærilegt og á öðrum ársfjórðungi árið áður. Veiði á kolmunna var með besta móti og verð á fiskimjöli hátt. Í lok annars ársfjórðungs héldu uppsjávarskipin til makrílveiða og komu fyrstu makrílfarmarnir á land í lok júní.

Bolfiskveiðar og -vinnsla gengu vel að undanskildum veiðum á ufsa sem héldu áfram að valda vonbrigðum á öðrum ársfjórðungi eins og á þeim fyrsta. Afli bolfiskskipa félagsins var um 10.300 tonn á öðrum ársfjórðungi en var um 13.300 tonn árið áður. Afurðaverð á ferskum landunnum bolfiskafurðum var hátt en á móti gaf afurðaverð á sjófrystum þorsk- og ýsuafurðum verulega eftir frá því sem var á sama tímabili í fyrra.

Í apríl var endanlega gengið frá viðskiptum vegna kaupa Brims á 50% hlut í Polar Seafood Denmark A/S eftir að allir fyrirvarar voru uppfylltir. Samið var um kaup á frystitogaranum Tuukkaq frá Grænlandi í júní og fékk skipið nafnið Þerney.

Lokið var við endurfjármögnun félagsins í júní með 220 milljóna evra sjálfbærnitengdu sambankaláni. Auk þess hefur félagið tryggt sér lánalínur að fjárhæð 35 milljónir evra.

Helstu atriði úr fjárhagsuppgjöri 2F 2023

- Vörusala var 109 m€ á fjórðungnum samanborið við 148 m€ á öðrum fjórðungi 2022
- Hagnaður var 10 m€ á fjórðungnum samanborið við 22 m€ á öðrum fjórðungi 2022
- EBITDA var 16 m€ og EBITDA hlutfall 14,9%
- Eignir hafa hækkað um 12 m€ frá áramótum og voru 955 m€ í lok tímabilsins
- Eigið fé þann 30. júní 2023 var 442 m€ og eignfjárhlutfall 46,2%

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Afkoman af rekstri Brims það sem af er þessu ári er viðunandi. Aðstæður eru engu að síður krefjandi og ýmis teikn á lofti um að herða þurfi róðurinn.

Þegar horft er um öxl sést að hagnaður á öðrum fjórðungi er sá þriðji mesti í a.m.k. áratug. Aðeins í fyrra og hitteðfyrra var hann meiri. Þá sjáum við einnig að hagnaður á fyrri helmingi árs hefur aðeins einu sinni verið meiri en það var í fyrra þegar uppsjávarafurðir voru seldar í óvenjumiklu magni.

Til næstu missera litið eru hins vegar blikur á lofti. Framlegðin af starfseminni fer minnkandi. Veiðar og vinnsla uppsjávartegunda hefur verið nokkuð stöðug en niðurskurður aflaheimilda í bolfiski er farinn að bíta – aflinn er minni, það dregur úr hagkvæmni sem skilar sér í minni framlegð.

Uppgjör Brims hf. á öðrum ársfjórðungi 2023

Fréttatilkynning

Aðstæður á alþjóðamörkuðum voru áfram erfiðar á fyrri hluta ársins. Lægra verð á sjófrystum þorski og ýsu hefur haft neikvæð áhrif og einnig hefur verð á loðnuhrognum lækkað verulega frá síðasta ári. Mikilvægt er að hafa í huga að á öðrum ársfjórðungi í fyrri voru miklar sölutekjur af loðnuhrognum sem ekki varð í ár og því situr félagið á umtalsverðum birgðum.

Þá er rétt að benda á að efnahagsaðstæður bæði hér heima og ytra, þar sem verðbólga er mikil og vextir háir, þyngdu einnig róðurinn sem sést á að fjármagnskostnaður á fyrri hluta ársins var rúmlega tvöfalt meiri en á sama tíma í fyrri.

Á fyrri hluta ársins hélt fyrirtækið áfram að styrkja stoðir starfseminnar með fjárfestingum í traustum innviðum. Bæði var keyptur frystitogari sem hlotið hefur nafnið Þerney og þá var gengið endanlega frá kaupum Brims á 50% hlut í danska vinnslu- og sölufélaginu Polar Seafood Denmark. Brim hefur á síðustu árum lagt áherslu á að treysta alla hlekkina í virðiskeðju félagsins. Með fjárfestingunni í Polar Seafood hefur Brim styrkt markaðsstöðu sína umtalsvert og aukið möguleika félagsins á að finna afurðum sínum leið á verðmæta markaði.

Ljóst er að framundan eru tímar sem kalla á aðgát og aukið aðhald. Brim er öflugt félag sem stendur fjárhagslega sterkt og þolir ágjöf. Starfsfólk hefur marga fjöruna sopið og getur tekist á við breytingar og erfiðleika eins og vel hefur komið í ljós á síðustu árum. Við erum því full bjartsýni þó svo við búum okkur undir að syrt geti í álinn.“

Fréttatilkynning

Rekstur

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	2F 2023	2F 2022	1H 2023	1H 2022
Seldar vörur	108.831	148.335	222.206	242.288
Kostnaðarverð seldra vara	(90.591)	(113.451)	(173.550)	(165.804)
Vergur hagnaður	18.240	34.884	48.656	76.484
Aðrar tekjur	295	0	295	0
Útflutningskostnaður	(2.925)	(3.400)	(5.438)	(6.189)
Annar rekstrarkostnaður	(3.429)	(3.699)	(6.496)	(10.486)
Rekstrarhagnaður	12.181	27.785	37.017	59.809
Fjáreignatekjur	1.244	792	2.421	1.661
Fjármagnsgjöld	(4.709)	(1.925)	(8.439)	(3.726)
Gengismunur	775	838	(4)	976
Áhrif hlutdeildarféлага	2.578	739	4.600	1.834
Hagnaður fyrir tekjuskatt	12.069	28.229	35.595	60.554
Tekjuskattur	(1.656)	(5.768)	(6.320)	(11.696)
Hagnaður tímabilsins	10.413	22.461	29.275	48.858
EBITDA	16.203	31.864	45.302	68.087
EBITDA%	14,9%	21,5%	20,4%	28,1%

Seldar vörur námu á 1H 2023 222 m€ samanborið við 242 m€ árið áður. Lækkun vörusölu má rekja til líttillar sölu loðnuhroga og minni sölu mjöls og lýsis en í upphafi árs 2022 var til mikið af birgðum í mjöli og lýsi eftir veiði á loðnu í des 2021 auk minni botnfiskafla.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 45,3 m€ eða 20,4% af rekstrartekjum, en var 68,1 m€ eða 28,1% árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjáreignatekjur námu 6,0 m€ á fyrri árshelmingi 2023 en voru 2,1 m€ á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt á fyrri árshelmingi nam 35,6 m€, samanborið við 60,6 m€ á fyrri árshelmingi 2022. Tekjuskattur fyrir sama tímabil nam 6,3 m€, en var 11,7 m€ árið áður. Hagnaður tímabilsins varð því 29,3 m€ en var 48,9 m€ árið áður.

Fréttatilkynning

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	30.06.2023	31.12.2022
Fastafjármunir	799.082	664.340
Veltufjármunir	156.001	278.547
Eignir samtals	955.083	942.887
Eigið fé	441.656	452.275
Langtímaskuldir	422.518	214.498
Skammtímaskuldir	90.909	276.114
Eigið fé og skuldir	955.083	942.887

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 955 m€ í lok 2F 2023. Þar af voru fastafjármunir 799 m€ og veltufjármunir 156 m€. Hækkun á fastafjármunum skýrist af kaupum Brims á 50% hlut í Polar Seafood Denmark A/S og kaupum á frystitogaranum Tuukkaq. Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk og nam eigið fé 442 m€ og var eiginfjárlutfall 46,2%, en var 48,0% í lok árs 2022. Heildarskuldir félagsins voru 513 m€ í lok fjórðungsins og hækkuðu um 23 m€ frá áramótum.

Lokið var við endurfjármögnun móðurfélagsins í júní með 220 milljón evra sambankaláni.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 16 m€ á fyrri helmingi ársins, en var 41 m€ á fyrri helmingi ársins 2022. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 121 m€ og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um tæpar 34 m€. Handbært fé lækkaði því um 139 m€ og var tæpar 23 m€ í lok tímabilsins.

LYKILTÖLUR SJÓÐSTREYMIS

EUR '000	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Handbært fé frá rekstri	16.017	41.305
Fjárfestingarhreyfingar	(121.465)	51.000
Fjármögnunarhreyfingar	(33.918)	(26.260)
Hækkun á handbæru fé	(139.366)	66.045
Handbært fé í byrjun árs	161.975	76.889
Handbært fé í lok tímabilsins	22.609	142.934

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrra árshelmings ársins 2023 (1 evra = 151,12 ísk) voru tekjur 33,6 ma. króna, EBITDA 6,8 ma. og hagnaður 4,4 ma. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2023 (1 evra = 148,7 ísk) voru eignir samtals 142 milljarðar króna, skuldir 76,3 milljarðar og eigið fé 65,7 milljarðar.

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 30. júní 2023 var 81,0 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 156 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.912.

Fréttatilkynning

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 24. ágúst 2023. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

Kynningarfundur þann 24. ágúst 2023

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 24. ágúst klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynnir uppgjör fjórðungsins og svarar spurningum. Fundinum verður jafnframt streymt og hægt verður að fylgjast með honum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Aðsendum spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Þriðji ársfjórðungur	16. nóvember 2023
Fjórði ársfjórðungur	22. febrúar 2024

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.